



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. september

2019

R18040220

D-135

Borgarráð

Bústaðavegur 151b og 151c, aðilaskipti að lóð og byggingarrétti

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að Óskar Rafnsson ehf., kt. 701294-5569, Ármúla 24, 108 Reykjavík, verði nýr lóðarhafi og eigandi byggingarréttar að lóðunum Bústaðavegur 151b og 151c og komi í stað Rafkaups hf., kt. 671290-1519, Ármúla 24, 108 Reykjavík, sem lóðarhafi og eigandi byggingarréttar á lóðinni.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 22. ágúst 2019 var samþykkt að úthluta Rafkaup hf., kt. 671290-1519, Ármúla 24, Reykjavík, lóðum og byggingarrétt að Bústaðavegi 151b og 151c í samræmi við tilboð fyrirtækisins í útboði. Heimilt byggingarmagn á lóðunum er allt að 7.488 m² ofanjarðar. Verð fyrir byggingarrétt beggja lóðanna er 209.664.000 kr. og á að greiðast eigi síðar en 6. október nk.

Óskar Rafnsson ehf. er alfarið í eigu sömu aðila og þeirra sem eiga Rafkaup hf.

Óli Jón Hertervig